

Veði- og fiskræktarfélag Landmannaafrettar  
Hjallanesi 2  
851 Hella

Reykjavík, 17. september 2019  
UST201909-177/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Fyrirvaralaust eftirlit, 15.8. 2019, hjá Veði- og fiskræktarfélagi Landmannaafrettar, Götu.**

Þann 15. ágúst sl. fór fram eftirlit í Veði- og fiskræktarfélag Landmanna afrettar, Götu. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram er varða:**

1. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og 12. gr reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Til starfrækslu fiskeldisstöðvar þarf gilt starfsleyfi. Öll losun mengandi efna í vatn er óheimil án starfsleyfis. Ekki er í gildi starfsleyfi fyrir reksturinn og því ekki heimild fyrir losun fosfórs í vatn. **Sótt var um starfsleyfi þann 8. maí sl.**
2. Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skrá skal afföll, fóðurnotkun og fóðurgerð. Skráningar skv. uppfærðri gæðahandbók rekstraraðila fullnægja ekki kröfum sem gerðar eru í samræmdum starfsleyfisskilyrðum.
3. Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Rekstraraðili skal gera viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til óvæntrar rekstrarstöðvunar kemur. Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa vantar og neyðaráætlun er ekki fullnægjandi.
4. Gr. 2.1, 2.6 og 3.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka, frárennsli sem berst beint í viðtaka skal miða við að lágmarki eins þreps hreinsun. Engin hreinsun var á frárennslinu. Skv. fulltrúa rekstraraðila hefur hreinsivirki nú verið tekið í gagnið og er frárennsli forhreinsað. **Stofnunin óskar eftir myndum þess til staðfestingar. Einnig verða úrbætur teknar út í næstu eftirlitsheimsókn.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. október, 2019.

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Halla Einarisdóttir  
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Veiði-fiskræktfél Landmannafréttar Götu



Dags eftirlits	15.8.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Veiði-fiskræktfél Landmannafréttar	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hjallanesi 2, Rangárþing ytra	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	630580-0999	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Valtýr Valtýsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í stöð Veiði- og fiskiræktarfélags Landmannafréttar í Götu til þess að staðfesta hvort um starfsemi væri að ræða í stöðinni en skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr.

Óheimilt er að hefja rekstur fiskeldisstöðvar hafi starfsleyfi ekki verið gefið út. Umsókn um starfsleyfi barst stofnuninni 8. maí sl. samhliða umsókn vegna stöðvar rekstraraðila í Galtalæk.

Fjögur frávik komu fram við eftirlitið er varðar starfsleyfisskyldan rekstur og losun efna án starfsleyfis, skráningar, frárennsli og viðbragðs- og neyðaráætlanir. Engar ábendingar voru gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun. Aðstæður voru skoðaðar í fylgd starfsmanns, Einars Brynjólfssonar í Götu.

Um er að ræða eldi á urriðaseiðum í tveimur húsum. Annað er tvískiptur gámur, annars vegar fyrir klak og hinsvegar frumfóðrun og kviðpokaseiði. Hitt húsið er skemma þar sem stærri seiði eru. Eldiskerin þar eru innan um annað sem er í geymslu í skemmuni frá ábúendum Götu, til að mynda hjólhýsi, fjórhjól og innanstoksmunir.

Seiði eru alin að u.þ.b 10 g áður en þau eru flutt í frekara eldi í Galtalæk. Fóður er sett á sjálfvirka fóðrara tvisvar á dag og vel fylgst með fiski, ástand metið sjónrænt og hitastig mælt.

Í kjölfar eftirlits í Galtalæk í haust hófst hönnun á hreinsunarbúnaði fyrir frárennsli beggja stöðva. Búið er að grafa upp fyrir þró við húsin og þróin komin á staðinn, en ekki var búið að setja hana niður og tengja þegar eftirlitsaðili var á staðnum. Skv. fulltrúa rekstraraðila hefur hreinsivirki nú verið tekið í gagnið og er frárennsli forhreinsað.

Samkvæmt gæðahandbók sem barst í kjölfar umsóknar stendur til að gefa út skýrslu sem inniheldur skráningar um vatnsnotkun, framleiðslu, efna- og lyfjanotkun, viðhald og tæmingu hreinsivirkja og meðhöndlun úrgangs. Eftirlitsaðili bendir á að skv. almennum starfsleyfiskilyrðum fyrir fiskeldi á landi, gr. 1.4 skal einnig skrá affóll, fóðurnotkun og fóðurgerð og losun efna í umhverfið.

Í uppfærðri gæðahandbók sem barst þann 6. sept sl. er áætlað að reikna losun frá fóðurnotkun.

Eftirlitsaðili bendir einnig á að í bréfum dagsettum þann 26. júlí sl. óskaði stofnunin eftir frekari gögnum vegna starfsleyfisumsókna rekstraraðila, þar á meðal áætlanir um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun þar sem verkþættir og ábyrgðaraðilar eru listaðir upp, þar sem ekki er fjallað nægilega ítarlega um viðbrögð við rekstrarstöðvun í gæðahandbókinni. Í áður nefndri gæðahandbók kom einnig fram verklag í viðbrögðum við frávikum þ.m.t. mengunarslys, en eftirlitsaðili óskar eftir að útbúin verði viðbragðsáætlun við mengunaráhöppum þar sem listað er upp hvaða mengunaráhöpp gætu orðið, ef einhver, og viðbrögð við þeim. Frekari leiðbeiningar um gerð slíkra áætlana, bæði vegna rekstrarstöðvunar og mengunaráhappa, fást hjá eftirlitsaðila ef eftir þeim er óskað.

Í uppfærðri gæðahandbók hefur áætlun vegna rekstrarstöðvunar verið uppfærð, en er þó ekki fullnægjandi, sbr. leiðbeiningar eftirlitsaðila sem hafa verið sendar í tölvupósti til fulltrúa rekstraraðila. Einnig vantar enn viðbragðsáætlun vegna mengunaráhappa.

### Frávik frá

### Lýsing á frávikum

6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og 12. gr reglugerðar Til starfrækslu fiskeldisstöðvar þarf gilt starfsleyfi. Öll losun mengandi efna í vatn er óheimil án starfsleyfis. Ekki er í gildi starfsleyfi fyrir reksturinn og því ekki heimild fyrir losun fosfórs í vatn. Sótt var um starfsleyfi 8. maí sl.

796/1999 um varnir gegn mengun vatns

- Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi Skrá skal afföll, fóðurnotkun og fóðurgerð. Skráningar skv. uppfærðri gæðahandbók rekstraraðila fullnægja ekki kröfum sem gerðar eru í samræmdum starfsleyfisskilyrðum.
- Gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Rekstraraðili skal gera viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til óvæntrar rekstrarstöðvunar kemur. Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa vantar og neyðaráætlun er ekki fullnægjandi.
- Gr. 2.1, 2.6 og 3.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka, frárennsli sem berst beint í viðtaka skal miða við að lágmarki eins þreps hreinsun. Engin hreinsun var á frárennslinu. Skv. fulltrúa rekstraraðila hefur hreinsivirki nú verið tekið í gagnið og er frárennsli forhreinsað.

## ANNÆÐ


Eftirlitsaðili bendir á að kröfur sem verða gerðar til skráninga í starfsleyfi eftir útgáfu geta verið strangari og/eða ítarlegri en kveðið er á um í gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Einnig er bent á að kröfur sem eru gerðar hér varðandi skráningar og áætlanir eiga við bæði starfsseminna í Götu og í Galtalæk.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.09.2019

  
Hulda Soffía Jónasdóttir

bis. 4